



SÖGUEYJAN ÍSLAND
BÓKASÝNINGIN Í FRANKFURT
HEIÐURSGESTUR 2011

Alþingi
Erindi nr. P 141/135
komudagur 15.10.2012

Nefndasvið Alþingis
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2012

Efni: Þingskjal 110 – 110. Mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um bókmenntasjóð og fleira nr. 97/2007 (Miðstöð íslenskra bókmennta)

Bókasýningin í Frankfurt er stærsta bókakaupstefna í heimi. Hún er haldin í október á hverju ári og þar fer fram sala á þýðingar- og útgáfurétti bóka. Ár hvert er eitt land eða málsvæði valið sem heiðursgestur og var Ísland heiðursgestur á Bókasýningunni í Frankfurt í fyrra, fyrst Norðurlandanna.

Árangur Íslands í fyrra hefur vakið mikla athygli, en þá komu út 230 bækur eftir íslenska höfunda og bækur um Ísland á þýska málsvæðinu í samvinnu við rúmlega 110 forlög, auk þess sem geysilegur fjöldi upplestra og annarra menningarviðburða sem tengdust Íslandi fór fram í Þýskalandi, Austurríki og Sviss. Síðastliðið ár hefur starfsfólk Sögueyjunnar fylgt árangrinum við kynningu á íslenskum bókmenntum erlendis eftir með þátttöku á bókasýningum erlendis, samskiptum við erlend forlög og stofnanir og svo framvegis. Ljóst er að sá árangur sem varð til í Frankfurt í fyrra er kominn til að vera

Bókasýningin í Frankfurt árið 2012 var haldin dagana 10.-14. október síðastliðinn. Sögueyjan lagði áherslu á og átti sinn þátt í því að íslenski standurinn endurspegladi þá stemningu sem ríkti í fyrra í íslenska heiðursskálanum og sló svo eftirminnilega í gegn. Íslenski standurinn vakti mikla athygli og kom íslenskum útgefendum til góða þar sem þeir drógu að sér mun meiri athygli en ella.

Nýja-Sjáland var heiðursgestur í ár. Víða mátti sjá merki þess að þeir nýttu sér það sem vel var gert í fyrra. Velgengni Íslands hefur einnig orðið öðrum löndum hvating til að sækja um að vera heiðursgestur á sýningunni, til dæmis hafa Norðmenn nýverið sótt um en Finnar verða þó á undan þeim eða árið 2014.

Sögueyjan Ísland
Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500 Fax: 562 3068,
www.sagenhaftes-island.is, tölvupóstur: info@sagenhaftes-island.is



SÖGUEYJAN ÍSLAND BÓKASÝNINGIN Í FRANKFURT HEIÐURSGESTUR 2011

Árangur Íslands á Bókasýningunni í Frankfurt hefur breytt eðli og hlutverki gestalandsins og með þátttökunni hefur Ísland sett ný viðmið um það hvernig ná eigi árangri sem heiðursgestur. Ekki eingöngu varðandi undirbúninginn heldur einnig þegar kemur að eftirfylgni. Nýverið barst fyrirspurn frá menningarmálaráðuneyti Nýja-Sjálands sem frétti af því í Frankfurt að mælikvarðar okkar sýndu fram á árangur til langframa með góðri eftirfylgni.

Einn af þeim mælikvörðum sem við höfum til að meta árangurinn af verkefninu eru styrkir Bókmenntasjóðs til þýðinga á bókum úr íslensku yfir á erlend mál. Fyrrum heiðurslönd hafa einnig notað þennan mælikvarða. Fjöldi styrkja samsvarar fjölda bóka sem koma út erlendis. Allt útlit er fyrir að fjöldi þýðingarstyrkja muni þrefaldast fyrir 2015 með góðri eftirfylgni.

Línuritið hér fyrir neðan sýnir þróunina frá árinu 2008. Árið 2008 voru veittir 24 styrkir til þýðinga á bókum úr íslensku yfir á erlend mál. Árið 2012 er gert ráð fyrir að styrkirnir verði samtals 65 (eru 38 1. júlí 2012 og úthlutun í september og nóvember). Styrkir til útgáfu í Þýskalandi munu dragast saman árið 2012 eins og gert hafði verið ráð fyrir en áhrifin af heiðursþátttökunni í Frankfurt í fyrra koma fram á öðrum mörkuðum eins og væntingar stóðu til. Ef marka má viðtökur þýskra forlaga á Bókasýningunni í Frankfurt 2012 er engan bilbug á þeim að finna og ef vel er haldið á spöðunum má gera ráð fyrir jákvæðum viðbrögðum þaðan strax á næsta ári. Því ætti að vera raunhæft að sjá sömu tölur og hér eru sýndar árið 2013 og léttan stíganda til framtíðar.



Sögueyjan Ísland

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík

Sími: 545 9500 Fax: 562 3068,

www.sagenhaftes-island.is, tölvupóstur: info@sagenhaftes-island.is



SÖGUEYJAN ÍSLAND
BÓKASÝNINGIN Í FRANKFURT
HEIÐURSGESTUR 2011

Frumvarpið sem hér er til umræðu skýtur frekari stoðum undir það að hægt verði að fylgja árangrinum eftir til framtíðar. Sambærilegar miðstöðvar eru starfræktar á öllum Norðurlöndunum og í þeim Evrópulöndum sem við miðum okkur helst við. Mætti ætla að það sé tímabært að bókmenntaþjóðin Ísland eignist eina slíka bókmenntamiðstöð.

Sögueyjan vill leggja áherslu á mikilvægi þess að styrkir til þýðinga á íslenskum bókmenntum á erlendar tungur verði greiddir af framlagi til miðstöðvarinnar, það er að fjárveitingar til annars vegar miðstöðvarinnar og hins vegar Bókmenntasjóðs verði aðskildar í fjárlögum.

Annað sem Sögueyjan vill benda á er að í ákvæði til bráðabirgða, 2. mgr. er talað um að starfsfólk Bókmenntasjóðs og starfsfólk Sögueyjunnar færist yfir til miðstöðvarinnar. Sögueyjan leggur til að staða framkvæmdastjóra verði auglýst.

Virðingarfyllst,

Sigtryggur Magnason
Formaður verkefnistjórnar

Rakel Björnsdóttir
Verkefnisstjóri

Sögueyjan Ísland
Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500 Fax: 562 3068,
www.sagenhaftes-island.is, tölvupóstur: info@sagenhaftes-island.is